



## Fundargerð háskólaráðs 252. fundur þann 26. febrúar 2007

Ingi Rúnar Eðvarðsson setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Guðbrandur Sigurðsson fulltrúi menntamálaráðherra var á símafundi til kl. 13:25

Hjálmar Stefán Brynjólfsson fulltrúi nemenda

Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara

Fjarverandi:

Þorsteinn Gunnarsson rektor

Aðrir mættir:

Laufey Sigurðardóttir ritari rektors

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri

Úlfar Hauksson forstöðumaður

Gestir:

Bjarni Jónasson forstöðumaður

Jóna Jónsdóttir forstöðumaður

Sigrún Stefánsdóttir formaður stjórnar Rannsóknasjóðs HA

---

Ingi Rúnar kynnti dagskrá.

### 1. Fundargerð 251. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

### 2. Stefnumótun HA 2007–2011

Bjarni og Jóna kynntu breytingar og viðbætur sem gerðar hafa verið á stefnu HA frá síðustu umfjöllun í háskólaráði. Háskólaráð samþykkti stefnuna og fól stýrihópi að setja inn viðmið og mælikvarða sem ekki eru frágengnir og bera þau undir háskólaráð með tölvupósti innan viku. Jafnframt óskaði háskólaráð eftir því að stytt útgáfa af stefnunni sem ætluð er til kynninga utan háskólans verði send háskólaráði til skoðunar.

### 3. Merki HA

Á síðasta fundi háskólaráðs var lögð fram tillaga frá afmælisnefnd um að hannað yrði nýtt merki fyrir háskólann. Þá var ákveðið að Ingi Rúnar og Hjálmar myndu skoða nánar með Jónu kosti og galla við að skipta um merki.

Jóna gerði að nýju grein fyrir málinu. Háskólaráð samþykkti að fara af stað með vinnu við að skipta um merki skv. útfærslum í framlagðri tillögu. Háskólaráð beinir þeim tilmælum til afmælisnefndar að gætt verði jafnréttissjónarmiða við val á listamönnum. Háskólaráð áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum. Jafnframt beinir háskólaráð því til afmælisnefndar að kanna möguleika á kostun verkefnisins.

### 4. Úthlutun úr Rannsóknasjóði HA

Sigrún Stefánsdóttir formaður Rannsóknasjóðs HA kom inn á fund og gerði grein fyrir úthlutun úr sjóðnum þetta árið. Alls bárust 33 umsóknir um samtals 31,0 m.kr. Sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 10,4 m.kr. auk 2,0 m.kr. frá Akureyrarbæ. Alls fengu 22 umsóknir styrk. Sigrún sagði óviðunandi hversu lítið fjármagn sjóðurinn

hefði til umráða. Hún sagðist hafa farið af stað með átak í því skyni að afla sjóðnum aukins fjár en ekki væri enn ljóst hverju það myndi skila. Sigrún benti á að það væru engar formlegar verklagsreglur til fyrir Rannsóknasjóð.

**5. Rekstraryfirlit 2006**

Úlfar gerði grein fyrir niðurstöðu rekstrar á árinu 2006. Halli ársins er 14,3 m.kr.

**6. Meistaránám í viðskiptafræði**

Lögð var fram skýrsla undirbúningsnefndar um meistaránám í viðskiptafræðum ásamt kostnaðaryfirliti og Handbók meistaránáms. Námið mun fara af stað næsta haust og sagði Ingi Rúnar að deildarfundur viðskipta- og raunvísindadeildar hefði samþykkt kennsluskrána í síðustu viku. Háskólaráð lýsti yfir ánægju með hversu vel hefur verið staðið að undirbúningi námsins og staðfesti að öðru leyti samþykkt háskólaráðsfundar 23. janúar 2006.

**7. Önnur mál**

7.1 Guðmundur Heiðar greindi frá því að í ljósi veikinda rektors hefði verið ákveðið að hann myndi sinna störfum staðgengils rektors. Hann mun fá Ingólf Ásgeir Jóhannesson staðgengil deildarforseta í kennaradeild til að leysa sig af ef rektor verður fjarverandi í meira en tvær vikur. Háskólaráð gerði engar athugasemdir við þessa skipan mála.

7.2 Lagt var fram til kynningar bréf frá fjármálaráðherra um laun og starfskjör prófessora en þann 9. janúar sl. úrskurðaði kjararáð að ákvörðun þar um heyrði ekki lengur undir úrskurðarvald kjaranefndar.

7.3 Lögð var fram til fróðleiks umsögn HA á frumvarpi til laga um tæknifríðvögun, stofnfrumurannsóknir.

7.4 Lögð var fram til fróðleiks umsögn HA á frumvarpi til laga um sameiningu Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

7.5 Lögð var fram til fróðleiks umsögn Þórodds Bjarnasonar prófessors við félagsvísinda- og lagadeild á frumvarpi til æskulýðslaga og svörum HA við spurningum menntamálaráðuneytis sem send voru háskólanum í kjölfar umsagnarinnar.

7.6 Lagt var fram bréf frá deildarforseta í kennaradeild þar sem fram kemur að deildarfundur kennaradeildar telur að ákvörðun háskólaráðs þann 11. desember sl. varðandi reykingar á lóð háskólans taki ekki nægilega af öll tvímæli um að reykingum þurfi að hætta á tröppum hússins í Þingvallastræti. Háskólaráð ákvað að vísa erindinu til forstöðumanns fasteigna- og rekstrarsviðs.

7.7 Hjálmar spurðist fyrir um hvenær drög að reglum fyrir HA og tillaga starfshóps um sameiningu kennaradeildar og félagsvísinda- og lagadeildar yrðu tekin fyrir. Ingi Rúnar sagðist reikna með að þessi mál yrðu á dagskrá næsta fundar.

7.8 Á fundi háskólaráðs þann 26. janúar voru kynntar niðurstöður yfir skil kennara á einkunnum í námskeiðum á haustmisseri. Hjálmar spurðist fyrir um hvernig eftirfylgni yrði háttáð. Guðmundi Heiðari var falið að skoða fyrir næsta fund hvernig/hvort verklag þar að lútandi væri skilgreint sérstaklega í tengslum við umsóknir um viðurkenningar á fræðasviðum háskóla.

7.9 Ingi Rúnar vakti máls á því hvort ekki væri rétt að fjölga brautskráningardögum við háskólann. Hann óskaði eftir að fá upplýsingar um mögulegan kostnað við að brautskrá tvisvar á ári.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15:05.